

Áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti

Öll samskipti í Barnaborg eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu, trausti og kurteisi. Við leggjum áherslu á að samskiptin séu jákvæð og uppbyggileg. Við erum umburðarlynd og allir eiga rétt á að vera þeir sjálfir án þess þó að valda öðrum vanlíðan. Það er mikilvægt að allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar, standi saman og vinni gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Starfsmenn Barnaborgar bera ábyrgð á að vinna gegn einelti meðal barnanna með fyrirbyggjandi vinnu og að taka strax á þeim aðstæðum/hegðun sem geta leitt til eineltis. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Markmið með eineltisáætlun eru:

- Að starfsmenn séu meðvitaðir um einelti, þekki birtingarmyndir þess og geti brugðist rétt við.
- Að starfsmenn vinni markvisst að því að fyrirbyggja og sporna við einelti.

Höfum hugfast að einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja, þetta á bæði við í starfsmanna- og barnahópum.

Hvað er einelti?

Það telst einelti þegar ítrekað ofbeldi, líkamlegt og andlegt á sér stað gagnvart einstaklingi eða hóp. Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.

Birtingarmyndir eineltis:

- **Líkamlegt:** barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.
- **Munnlegt:** uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl.
- **Óbeint:** baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi, vegið að starfi/aðferðum/persónu o.fl.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Gegn einelti

Til að sporna við einelti er mikilvægt að vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.

Leiðir:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Umræður og fræðsla um samskipti og kennslu jákvæðs aga þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir og skráningar um samskipti og líðan barnanna.
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum?

Viðbrögð: einelti í barnahópnum:

1) Grunur um einelti vaknar:

- Þegar starfsmaður verður var við einelti stöðvar hann „leikinn“ og ræðir við börnin. Síðan skal skrá atvikið og gera deildarstjóra og leikskólastjóra viðvart. Þeir finna tíma sem fyrst til að funda með starfsfólki þar sem það fær upplýsingar um málið.
- Foreldrar og nemendur geta einnig komið upplýsingum til deildarstjóra eða annars starfsfólks sem þá boðar til/óskar eftir starfsmannafundi sem fyrst.

2) Upplýsingaöflun og greining:

- Fylgjast þarf sérstaklega með hegðun bæði gerenda og þolenda áfram og fylgja málinu eftir.
- Safna upplýsingum, t.d. skráningum á leik barna, skoða myndbandsupptökur og ljósmyndir af samskiptum barnanna.

3) Halda deildarfund og fara yfir gögnin.

- Minna á tæki jákvæðs aga fyrir allan starfsmannahópinn.
- Fara yfir eineltisáætlun og halda áfram að safna gögnum, fylgjast mjög vel með samskiptum og grípa inni þegar þarf.

4) Vinna að bættum samskiptum í barnahópnum.

- Nýta stefnuna jákvæðan aga:
 - i) Reyna að skilja orsakir hegðunar og vinna með þær.
 - ii) Leggja áherslu á kennslu, skilning, hvatningu og jákvæð samskipti.
 - iii) Vinna saman að því að finna lausnir á vandamálum sem upp koma.

5) Samskipti við foreldra barna sem tengjast málinu.

- Ræða við foreldra og koma á samstarfi milli heimilis og skóla til að vinna með erfið samskipti barnanna. Foreldrar eru öflugir liðsmenn fyrir leikskólann.

6) Beri aðgerðir ekki árangur er leitað til utanaðkomandi fagaðila.

Viðbrögð: Einelti í starfsmannahópnum:

- 1) Verði starfsmaður var við einelti gagnvart sér eða öðrum í starfsmannahópnum ræðir hann við leikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmann.
- 2) Leikskólastjóri fær upplýsingar um málið, hafi starfsmaður leitað fyrst til annars en hans.
- 3) Leikskólastjóri kannar málið m.a. með viðtölum við starfsfólk.
- 4) Í samráði við þolanda er rætt við geranda.
- 5) Metið hvort þurfi utanaðkomandi aðstoð.
- 6) Málið tekið upp í starfsmannahópnum ef þolandi er samþykkuur því. Annars ræðir leikskólastjóri um góð samskipti við starfsmannahópinn.
- 7) Leikskólastjóri fylgist áfram með samskiptum í starfsmannahópnum.
- 8) Málinu fylgt eftir með:
 - Viðtali við þolanda, hefur ástandið skánað eða lagast?
 - Viðtali við fleiri sem kunna að hafa vitneskju um erfið samskipti.
 - Þörf á utanaðkomandi hjálp endurmetin.
 - Unnið með samskipti og hegðun á starfsmannafundum.